

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 6. febrúar 1970

um samræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi vélknúinna ökutækja

(70/157/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

2. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Meðal tæknilegra krafna sem ökutæki verða að uppfylla samkvæmt landslögum eru ákvæði er varða leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi þeirra.

Þessar kröfur eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Því er nauðsynlegt að öll aðildarríki samþykki sömu kröfurnar, annaðhvort til viðbótar eða í stað gildandi reglna, einkum til þess að sviðgrúm gefist til að beita EBE-gerðarviðurkenningunni sem var viðfangsefni tilskipunar ráðsins ⁽³⁾ frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra hvað varðar einstakar gerðir ökutækja.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun merkir „ökutæki“ öll vélknúin ökutæki sem ætluð eru til aksturs á vegum, með eða án yfirbyggingar, á fjórum hjólum eða fleiri, og sem eru hönnuð fyrir hámarks hraða yfir 25 km/klst., að undanskildum ökutækjum sem fara eftir teinum, landbúnaðardráttarvélum og vinnuvélum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 160, 18. 12. 1969, bls. 7.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 48, 16. 4. 1969, bls. 16.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

Aðildarríkjum er óheimilt að neita að veita EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki af ástæðum sem snerta hljóðstig og útblásturskerfi þeirra ef þeim kröfum sem nefndar eru í viðaukanum er fullnægt.

3. gr.

Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að laga kröfur viðaukans að tækniframförum, að undanskildum kröfum sem settar eru í liðum 1.1 og 1.4.1.4, skal samþykkja samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar ráðsins um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari innan átján mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. febrúar 1970.

Fyrir hönd ráðsins,

P. HARMEL

forseti.

VIÐAUKI

I. LEYFILEG HLJÓÐSTIG

I.1. Hámarksgildi

Hljóðstig ökutækja sem um getur í 1. gr. tilskipunar þessarar má ekki fara yfir eftirfarandi mörk þegar mælt er samkvæmt skilyrðunum sem tilgreind eru í viðauka þessum:

	Flokkur ökutækja	Hljóðstig í desibelum (dB) (A)
I.1.1	Ökutæki ætluð til fólksflutninga sem hafa ekki fleiri en níu sæti að meðtöldu ökumannssæti.	82
I.1.2	Ökutæki ætluð til fólksflutninga sem hafa fleiri en níu sæti að meðtöldu ökumannssæti og með leyfilega hámarksþyngd 3,5 tonn eða minna.	84
I.1.3	Ökutæki ætluð til vöruflutninga með leyfilega hámarksþyngd 3,5 tonn eða minna.	84
I.1.4	Ökutæki ætluð til fólksflutninga sem hafa fleiri en níu sæti að meðtöldu ökumannssæti og með leyfilega hámarksþyngd yfir 3,5 tonn.	89
I.1.5	Ökutæki ætluð til vöruflutninga með leyfilega hámarksþyngd yfir 3,5 tonn.	89
I.1.6	Ökutæki ætluð til fólksflutninga sem hafa fleiri en níu sæti að meðtöldu ökumannssæti og með vélarafli 200 hestöfl DIN eða meira.	91
I.1.7	Ökutæki ætluð til vöruflutninga með vélarafli 200 hestöfl DIN eða meira og leyfilega hámarksþyngd yfir 12 tonn.	91

I.2. Mælitæki

Mæla skal hávaða frá ökutækjum með hljóðstigsmæli af þeirri gerð sem lýst er í 1. útgáfu (1965) af riti nr. 179 frá Alþjóðlega raftækniráðinu (IEC).

I.3. Skilyrði við mælingu

Mælingar skulu gerðar á óhlöðnum ökutækjum á stað þar sem er nægilega hljótt og víðáttumikið (hávaði frá umhverfinu og veðurhljóð skulu vera að minnsta kosti 10 dB (A) lægri en hávaðinn sem verið er að mæla).

Hentugur staður gæti t.d. verið opið svæði með 50 m radíus og tiltölulega sléttu svæði í miðjunni með að minnsta kosti 20 m radíus og þar sem yfirborðið er steipt eða malbikað og ekki hávaxið gras, laus mold, aska né lausamjöll.

Yfirborð prófunarbrautarinnar skal vera þannig að það valdi ekki óþarfa hávaða af hjólbörðunum. Þetta skilyrði á einungis við þegar verið er að prófa hávaða frá ökutækjum á ferð.

Mælingar skulu gerðar í lygnu og góðu vedri. Enginn má vera í nánd við ökutækið eða hljóðnemann nema mælingarmaðurinn af því að návist áhorfenda við ökutækið eða hljóðnemann getur haft umtalsverð áhrif á mælingarnar. Ekki ber að taka mark á stórum sveiflum í mælingum sem virðast vera án tengsla við hávaðann almennt.

I.4. Aðferð við mælingu

I.4.1. Mæling á hávaða frá ökutækjum á ferð (fyrir gerðarviðurkenningu)

Gera skal mælingar að minnsta kosti tvisvar, báðum megin við ökutækið. Heimilt er að gera undirbúningsmælingar til að stilla tækin en þær mælingar teljast ekki marktækar.

Setja skal upp hljóðnema 1,2 m frá jörðu og 7,5 m frá brautarmiðju ökutækisins, CC, þar sem fjarlægðin er mæld hornrétt á þá línu, PP' (mynd 1).

Merkja skal tvær línur, AA' og BB', samsíða línu PP' 10 m fyrir framan og 10 m fyrir aftan prófunarbrautina. Aka skal ökutæki að línu AA' með jöfnum hraða eins og tilgreint er hér að neðan. Þá skal inngjöf eldsneytis aukin að fullu, eins hratt og framast er unnt, og haldið þannig áfram þar til aftasti hluti ökutækisins⁽¹⁾ fer yfir línu BB'; þá er aftur dregið úr eldsneytisgjöf eins hratt og unnt er.

Útkoma mælingarinnar er hæsta hljóðstigið sem mælist.

I.4.1.1. Ökutæki án gírskiptingar

Aka skal ökutæki að línu AA' með jöfnum hraða er samsvarar minnsta hraða af eftirfarandi þremur hröðum:

- hraða hreyfils sem jafngildir þremur fjórðu af nafnhraða hreyfilsins við hámarksafköst;
- hraða hreyfils sem jafngildir þremur fjórðu af hámarkshraða sem gangráðurinn leyfir;
- 50 km á klst.

I.4.1.2. Ökutæki með beinskiptingu

I.4.1.2.1. — aka skal í öðrum gír ef ökutæki hefur tvo, þrjá eða fjóra gíra;

I.4.1.2.2. — aka skal í þriðja gír ef ökutæki hefur fleiri en fjóra gíra;

I.4.1.2.3. — ef yfirfærslan er tvöföld (með yfirfærslugírkassa eða tveggja hraða búnað á afturásnum) skal aka í því gírhlutfalli sem gerir kleift að ná sem mestum hraða.

Aka skal ökutæki að línu AA' með jöfnum hraða er samsvarar minnsta hraða af eftirfarandi þremur hröðum:

- hraða hreyfils sem jafngildir þremur fjórðu af nafnhraða hreyfilsins við hámarksafköst;
- hraða hreyfils sem jafngildir þremur fjórðu af hámarkshraða sem gangráðurinn leyfir;
- 50 km á klst.

I.4.1.3. Ökutæki með sjálfskiptingu

Aka skal ökutæki að línu AA' með jöfnum hraða er samsvarar minnsta hraða af eftirfarandi tveimur hröðum:

- 50 km á klst.;
- þremur fjórðu af hámarkshraða.

Þegar unnt er að velja skal nota hraðastillingu fyrir almennan akstur innanbæjar.

I.4.1.4. Tálkun niðurstaðna

I.4.1.4.1. Með hliðsjón af hugsanlegri ónákvæmni í mælitækjunum skal lækka útkomuna úr hverri mælingu um 1 dB (A).

I.4.1.4.2. Mælingar skulu taldar gildar ef munurinn á tveimur mælingum í röð, sem eru gerðar sömu megin á ökutæki, er ekki meiri en 2 dB (A).

⁽¹⁾ Ef ökutæki hefur eftir- eða festivagn ber ekki að taka tillit til þeirra við ákvörðun um hvenær ökutæki fer yfir línu BB'.

- I.4.1.4.3. Útkoma mælinganna er hæsta hljóðstigið sem mælist. Ef útkoman er meira en 1 dB (A) hærri en leyfilegt hljóðstig fyrir þann flokk ökutækja sem verið er að prófa skal endurtaka mælingar tvisvar. Í þremur af þessum fjórum skiptum skal útkoman vera innan tilgreindra hámarka.

Mælingar á hávaða frá ökutækjum á ferð

Mynd 1

I.4.2. *Mælingar á hávaða frá kyrrstæðum ökutækjum*

I.4.2.1. *Staðsetning hljóðstigmælis*

Gera skal mælingar frá punkti X (eins og sýnt er á mynd 2) í 7 m fjarlægð frá þeim punkti ökutækisins sem næstur er.

Setja skal upp hljóðnema 1,2 m frá jörðu.

I.4.2.2. *Fjöldi mælinga*

Gera skal að minnsta kosti tvær mælingar.

I.4.2.3. *Prófunarskilyrði*

Í ökutæki sem hefur ekki hraðagangráð skal láta hreyfilinn snúa á þremur fjórðu af þeim snúningshraða sem samkvæmt upplýsingum framleiðandans er hámarksafli hans. Mæla ber snúningshraða hreyfilsins með utanaðkomandi búnaði, t.d. á rúllupalli og snúningshraðamæli. Ef hreyfillinn hefur gangráð sem takmarkar snúningshraða hans við hámarksafli skal hann látinn ganga á þeim hámarkshraða sem gangráðurinn leyfir.

Áður en mæling er gerð skal láta hreyfilinn ná eðlilegu hitastigi við notkun.

I.4.2.4. *Túlkun niðurstaðna*

Allar mælingar á hljóðstigi skulu skráðar í skýrslunni.

Sýna ber einnig þá aðferð sem notuð er til að reikna vélarafli, ef unnt er. Taka skal fram hvort ökutæki var hlaðið eða ekki.

Mælingar skulu taldar gildar ef munurinn á tveimur mælingum í röð, sem eru gerðar sömu megin við ökutækið, er ekki meiri en 2 dB (A).

Útkoma mælinganna er hæsta hljóðstigið sem mælist.

Mælingar á hávaða frá kyrrstæðum ökutækjum

Mynd 2

II. ÚTBLÁSTURSKERFI (HLJÓÐDEYFIR)

- II.1. Hafi ökutæki búnað til að deyfa hávaðann frá útblásturskerfinu (hljóðdeyfi) skulu kröfurnar í lið II gilda. Ef nauðsynlegt er að hafa loftsúu við loftinntak hreyfilsins til að tryggja að hljóðstig sé innan leyfilegra marka, telst sían vera hluti af hljóðdeyfinum og kröfurnar í lið II gilda einnig um hana.

- II.2. Teikning af útblásturskerfinu skal fylgja gerðarviðurkenningarvottorði ökutækisins.
 - II.3. Hljóðdeyfir skal hafa auðkenni sem sýna tegund og gerð hans og eru bæði greinileg og óafmáanleg.
 - II.4. Einungis er heimilt að nota íseygt trefjaefni við gerð hljóðdeyfa ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - II.4.1. Íseygt trefjaefni er ekki haft í þeim hlutum hljóðdeyfisins sem lofttegundir fara í gegnum.
 - II.4.2. Notaður er búnaður sem tryggir að íseygt trefjaefni færist ekki úr stað allan þann tíma sem hljóðdeyfirinn er í notkun.
 - II.4.3. Íseygt trefjaefni þolir hita sem er að minnsta kosti 20% meiri en hugsanlegt er við notkun í þeim hlutum hljóðdeyfisins þar sem efnið er haft.
-